



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

24. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 13. nóvember 2024 klukkan 18:45

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2025.

Farið var yfir verkefni næsta árs og fjárhagsáætlun vegna þeirra.

Fært var inn í skjalið frá Sveitastjórn.

Rætt var um greiðslur til þeirra sem vinna við undirbúning og framkvæmd viðburðar.

Hvort taka ætti upp tímakaup.

2. Fundartímar

Næsti fundur verður haldinn 7. Janúar 2025

3. Önnur mál

Rætt um að útbúa samning vegna viðburðahalds sem hægt er að láta aðkeypt skemmtiatriði skrifa undir td. fyrir 17. júní.

Grímsævintýri – Sveitadagurinn

Nefndin ætlar að boða til sín fulltrúa kvennfélagsins á fund í janúar til að ræða skipulagið. Búið er að hafa samband við Sólheima um að vera með sýningu vinnustofanna og jafnvel Opna dag Sólheima á sama degi.

Endurskoða þyrfti merki Grímsævintýra þannig að ekki séu notaðar höfundaréttarvarðar ævintýrapersónur í merkið.

Hugsanlega mætti gera "lukkudýr" sveitarfélagsins sem væri í merki Grímsævintýra.

Útbúið verður rafrænt skráningarform til að panta borð og þannig minna vinnuna við að halda utan um skráningar fyrir markaðinn.

Aðrir viðburðir/menningarviðburðir

Vasaljósaganga um borgarsvæðið sem endar í kakó í bálskýlinu.

Atvinnumál



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Nefndin ætlar að vinna að kortlagningu á mögulegum stöðum í sveitarfélaginu þar sem væri hægt að vera með atvinnu með stuðningi. Í framhaldinu yrði haldinn opinn fundur með Vinnumálastofnun þar sem við fengjum kynningu frá þeim. Formaður verður í sambandi við Vinnumálastofnun.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:45